



ÞÓRUSTAÐANÁMUR

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022

Nýtt deiliskipulag

Skipulags- og matslýsing

05.03.2021



ÖLFUS



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulagslýsing	3
1.2	Markmið	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Skipulagssvæðið	4
2.2	Náttúrufar og dýralíf	5
2.3	Verndarsvæði og fornminjar	6
2.4	Náttúruvá	6
3	FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING	7
3.1	Landsskipulagsstefna	7
3.2	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss	7
3.3	Breyting á aðalskipulagi	9
3.4	Deiliskipulag	9
4	MATSLÝSING	9
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	11
5.1	Umsagnaraðilar	11
5.2	Samráð	11
6	SKIPULAGSFERLI	12
7	UPPDRÁTTUR	13

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
MBG / AB	ÁJ	2243-006-ASK-001-V01

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 og fyrir nýtt deiliskipulag Þóristaðanámu innan jarðarinnar Kjarrs (L171750) í Ölfusi.

Núverandi framkvæmdaleyfi Þóristaðanámu heimilar heildarefnistöku upp á 2 miljónir m³ en áætlað er að heildarefnistaka á svæðinu aukist til muna. Áætlað er að heildar efnistaka til ársins 2050 verði um 27,5 miljónir m³. Efnistökusvæðið mun stækka úr 38,5 ha í 40,2 ha.

Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi, sem felur í sér skilgreiningu á hámarksefnistöku magni, stækkun efnistökusvæðis og skilgreiningu iðnaðarsvæðis í Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli.

Í deiliskipulagi sem mun ná yfir um 57 ha verður gerð grein fyrir núverandi ástandi og fyrirhuguðum framkvæmdum. Settir verða fram skilmálar um landnotkun, aðstöðubýggingu, aðkomu og vernd náttúru- og menningarminja.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Í 2.01 tli í 1.viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, segir: „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m³ eða meira.“ Framkvæmdin fellur þar með í flokk A þar sem tilgreindar eru framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum er lokið og endanleg matskýrsla hefur verið gefin út. Í matsvinnslunni var megináhersla lögð á jarðmyndanir, landslag, áskýnd, útivist, neysluvatn og loftgæði.

Þar sem framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum, er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar og nýs deiliskipulags.

1.2 Markmið

Markmið með breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags er að skilgreina efnistökusvæðið stærra en það er í gildandi aðalskipulagi og setja hámark á heimild til efnistöku. Heildarstærð efnistökusvæðisins í gildandi aðalskipulagi er 38 ha en verður stækkað í 40,2 ha og heildarefnistaka frá svæðinu verður 27,5 milljónir m³ af malarefni. Einnig verður skilgreint iðnaðarsvæði við rætur fjallsins þar sem sett verður upp aðstöðuhús fyrir starfsmenn og þar verður sumt efni unnið í mismunandi efnisflokkum og selt af lager. Lang stærsti hluti efnisins um 85-90% verður mokað beint uppá flutningabíla sem keyra efnið á áfangastað.

Í deiliskipulagi verður farið nánar yfir þær heimildir sem á svæðinu eru, m.a. byggingu aðstöðuhúss og akstursleiðir innan svæðis. Einnig verður farið yfir umhverfisáhrif í umhverfisskýrslu.

Fyrirhuguð heildarefnistaka er sambærilegt magn og í stærri námum nálægt höfuðborgarsvæðinu í t.d. Lambafelli og Vatnskarðsnáma. Unnið verður innan sama athafnasvæðis og áður en vinnslusvæðið er stækkað lítillega til norðurs og vesturs. Efnisvinnslan felst fyrst og fremst í því að halda áfram að vinna sama efnistökusvæði niður að fjallsrótum í frágangsflokkum með sambærilegum halla og aðliggjandi fjallshlíðar. Miðað við það magn efnis sem hægt er að vinna innan svæðisins er áætlað að efnið muni duga a.m.k. til næstu 30 ára, ef miðað er við meðaltalsnotkun síðastliðinna ára. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir almennt aukinni eftirspurn vegna mikillar uppbyggingar húsnæðis á svæðinu og gerð nýrra vega og samgöngumannvirkja.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð er áframhaldandi efnistaka úr Þórustaðanámu á því svæði sem nýtt er í dag. Náman er staðsett í sunnanverðu Ingólfsfjalli í Ölfusi, um 4 km vestur frá Selfossi og er aðkoma frá Suðurlandsvegi austan við Kögunarhól. Fossvélar ehf. er rekstraraðili Þórustaðanámu og hefur fyrirtækið rekið námuna síðan 1973.

2.1 Skipulagssvæðið

Jörðin Kjarr (L171750) hefur ekki skráða stærð í Þjóðskrá en skv. óstaðfestum jarðamerkjum er hún um 284 ha og liggur austan við Kögunarhól, frá Ingólfsfjalli og suður að landi Þórustaða í Sveitarfélaginu Ölfusi. Nýrst á jörðinni liggur Þórustaðanáma sem er núverandi og fyrirhuguð framkvæmdasvæði.



MYND 1. Yfirlitsmynd yfir suð-vesturhorn landsins. Svæðið er afmarkað með rauðum hring (©Map.is)

2.2 Náttúrufar og dýralíf

Á svæðinu eru fjölbreyttar vistgerðir, heildar-efnistökusvæðið í Þórustaðanámu nær frá rótum Ingólfsfjalls og upp með fjallshlíðinni, ásamt hluta af svæði ofan á fjallinu.

Helstu vistgerðir á svæðinu eru:

Ljónslappaskriðuvist (L3.3) mjög óstöðugar, brattar og misgrýttar basalt-, móbergs- og líparítskriður sem finnst í bröttu fjalllendi í öllum landshlutum. Verndargildi er lágt en er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Víðimelavist (L1.4), nokkuð þurrir og grónir melar til fjalla, gróður lágvaxinn. Verndargildi lágt.

Syðst á svæðinu er einnig að finna Eyðimelavist (L1.1) sem er mjög útbreidd á hæstu fjöllum út til stranda og á miðhálandinu, vistgerðin er með lágt verndargildi. Sanda- og vikravist (L1,5) sem er einnig með lágt verndargildi en er á lista Bernarsamningsins.

Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000 og ætla má að nánast allt rask á gróðurfari vegna framkvæmdanna hafi þegar átt sér stað.



MYND 4. Vistgerðarkort.

Svæðið er á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði eins og allt suðurlandsundirlendi. Að sögn staðkunnugra ber fyrst og fremst á fýl í hlíðum Ingólfsfjalls en telst ekki sem mikilvæg fýlabyggð hér á landi. Fýllinn er friðaður og er á valista sem tegund í hættu.

2.3 Verndarsvæði og fornminjar

Fyrirhugað efnistökusvæði er ekki á náttúruminjaskrá og ekki er á svæðinu sérstök vernd náttúruvörubæra. Samkvæmt upplýsingum frá Minjastofnun Íslands eru engar skráðar fornleifar á fyrirhuguðu efnistökusvæði, skv. mati frá árinu 2006. Ekki er gert ráð fyrir að minjar séu að finna á því aukna landsvæði uppi á toppi fjallsins eða í fjallshlíðinni sem fellur undir þá starfsemi sem lýsingin nær til.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Efsti hluti svæðisins er á fjarsvæði vatnsverndar. Í reglugerð 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 96/1999 um varnir gegn mengun vatns segir um fjarsvæði:

„Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólans en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.“

Efni sem talin eru upp í II. flokki eru m.a. olía, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Gera skal sérstaka grein fyrir hættu á mengun vatnsbóla í breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi og fyrirbyggjandi aðgerðir m.a. með að tryggja að aldrei sé umtalsvert magn mengandi efna geymt á svæðinu.

2.4 Náttúruvá

Hluti svæðisins er undir náttúruvá en sú vá er skilgreind í aðalskipulag meðfram allri suðurhlíð Ingólfsfjalls. Hætta er á grjóthruni úr fjallinu innan svæðis og á fjölfarnar gönguleiðir, skammt austan framkvæmdasvæðis. Í skipulagsáætlununum skal gera grein fyrir þessari hættu, bæði vegna starfsmanna innan svæðis og svo mögulegri hættu fyrir almenning.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

3.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í kafla 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi segir:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatna og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

Við gerð aðalskipulagsbreytingar skal huga sérstaklega að tryggja vatnsgæði þar sem svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar. Svæðið sem skipulagslýsing þessi nær til er nánast allt þegar raskað. Með því að halda áfram efnistöku á svæðinu má mögulega koma í veg fyrir að nýjar námur verði teknar í notkun með tilheyrandi raski. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið verða samræmi við Landsskipulagsstefnu.

3.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 var samþykkt í september 2012. Svæðið er á óbyggðu svæði og skilgreindu námusvæði nr. E5. Láglandi sunnan námunnar er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Hluti svæðisins ofan á Ingólfsfjalli er á vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla. Vatnsból og grannsvæði vatnsverndar eru austan og vestan við námusvæðið. Syðst er svæði undir náttúruvá og í suðurjaðri þess er reiðleið.



MYND 2. Hluti gildandi aðalskipulags. Svæðið er afmarkað með rauðum hring.

Í töflu á bls. 47 í aðalskipulagi er eftirfarandi skilgreining á námunni:

NR	HEITI	LÝSING	STEFNUMÖRKUN	JÖRÐ
E5	Þórustaðanáma í Ingólfsfjalli	Malar- og bólstarbergsnáma, þar hefur verið unnið efni í áratugi. Stærð námunnar er um 38 ha. Gæta þarf sérstaklega að nálægð við vatnsöflunarsvæði að vatnsbólum Árborgar. Vinnanlegt efni er > 500.000 m ³ . Samningur um námavinnslu liggur fyrir.	Vegna stærðar og umfangs námunnar er henni vísað í deiliskipulagsferli. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Kjarr

Í markmiðum aðalskipulags kemur fram að efnistökusvæði eigi að vera fá en tiltölulega stór. Að efnistaka eigi ekki að fara fram á svæðum sem hafa verndargildi s.s. í ám, vötnum, hverfisverndarsvæðum, friðlýstum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.

Leiðir að ofangreindum markmiðum eru m.a. þær að skilyrði um frágang að vinnslu lokinni, góða umgengni og skipulega nýtingu eru settar við veitingu framkvæmdaleyfis. Þær námur sem eru þegar skilgreindar eru mismunandi og uppfylla þær þarfir sem settar eru á skipulagstíma aðalskipulags.

Í skipulaginu er einnig lögð áhersla á að starfsemi við efnistöku sé í samræmi við viðeigandi leyfi, bæði starfs- og framkvæmdarleyfi og að auki mati á umhverfisáhrifum þegar framkvæmdir falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í markmiðum aðalskipulags kemur fram að með uppbyggingu iðnaðarsvæði verði rennt styrkari stoðum undir atvinnu og byggð á svæðinu. Samfelldum lítt skertum landslagsheildum skal viðhalda eins og framast er kostur. Nýtt iðnaðarsvæði verður á neðsta hluta núverandi efnisnámu, röskuðu svæði, og er því ekki verið að raska umfram landi.

Breyting á aðalskipulagi verður í samræmi við markmið og stefnu aðalskipulagsins. Verið er að stækka núverandi námu, breyta afmörkun hennar og ekki verið að ganga á vernduð svæði. Þó er fjarsvæði vatnsverndar á hluta svæðisins sem þegar er skilgreint efnistökusvæði og skal gera sérstaklega grein fyrir því í breytingu á aðalskipulagi og í deiliskipulagi eftir atvikum.

3.3 Breyting á aðalskipulagi

Breyting verður gerð bæði á skipulagsuppdrætti og í greinargerð. Á uppdrætti breytist afmörkun E5 og nýtt iðnaðarsvæði verður skilgreint við fjallsræturnar, á hluta núverandi efnistökusvæðis. Núverandi stærð efnistökusvæðisins er 38 ha en verður stækkað í 40,2 ha. Fyrirhuguð stækkun er til norðurs uppi á Ingólfsfjalli og til vesturs í hlíð fjallsins og minnkar óbyggð svæði að sama skapi (sjá afmörkun á loftmynd, aftast í greinargerð).

Í greinargerð verður breyting á töflu á bls. 47 í aðalskipulagi á skilgreiningu námunnar. Einnig bætist við skilgreining nýs iðnaðarsvæðis í töflu á bls. 41 og sett inn nýtt 7,2 ha iðnaðarsvæði tengt efnisvinnslunni. Í greinargerð verður fjallað um heildar efnistöku magn sem er í gildandi aðalskipulagi >500.000 m³. Áætlað er að búið sé að fjarlægja allt að 2,8 milljón m³. Í breyttu aðalskipulagi verður heildarefnistöku magn námunnar 27,5 milljónir m³. Við næstu endurskoðun aðalskipulagsins verða því vinnslutölur uppfærðar enda um framtíðar efnistökusvæði að ræða. Gera skal grein fyrir frágangi við lok efnisvinnslu.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu. Nýtt deiliskipulag mun ná yfir um 69 ha, (sjá afmörkun á loftmynd, aftast í greinargerð). Gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum, stækkun á efnistökusvæði, vinnslu- og landmótunarátætlun sem segir til um frágang á vinnslutíma og í lok framkvæmda, aðkomu frá Suðurlandsvegi og fyrirhuguðu aðstöðuhúsi á iðnaðarsvæði. Einnig verður skilgreint iðnaðarsvæði við rætur fjallsins þar sem sett verður upp aðstöðuhús fyrir starfsmenn og þar verður sumt efni unnið í mismunandi efnisflokkum og selt af lager. Lang stærsti hluti efnisins um 85-90% verður mokað beint uppá flutningabíla sem keyra efnið á áfangastað.

Gerð verður grein fyrir aðkomuleiðum innan svæðis, jarðvegsmönnum og ásýndaráhrifum. Fjallað verður um aðgerðir til að draga úr áhrifum á loftgæði við efnistökusvæði og verndun grunnvatns á fjarsvæðis vatnverndunar og öryggi starfsmanna innan svæðisins.

4 MATSLÝSING

Framkvæmdin sem fyrirhuguð er á svæðinu fellur undir flokka A í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. nr. 106/2000 n.t.t. tölulið 2.01; „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr

hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m³ svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira.

Þar með fellur aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og mun fylgja skipulagsáætlunum umhverfisskýrsla.

Í þessum kafla er sett fram matslýsing fyrir skipulagsáætlanirnar.

Fyrir liggur matsskýrsla um áframhaldandi efnistöku úr Ingólfsfjalli, dags. 19. ágúst 2020 og mun verða horft til þeirra rannsókna og athugana sem gerðar hafa verið í tengslum við matið.

Niðurstaða matskýrslu var að talið er að á heildina litið sé um óveruleg umhverfisáhrif að ræða við áframhaldandi efnistöku. Álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu liggur fyrir, dags. 22. des. 2020.

Nýttist umhverfismatið í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnu- miða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Umhverfismatið verður sett fram í umhverfisskýrslu sem fylgir skipulagsgögnunum.

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið. Lög og reglugerðir eru ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar? Hefur stefnan áhrif á vatnsverndarsvæði?	Stefnumörkun stjórnvalda um verndun móbergs.
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á gróður / votlendi? Hefur stefnan áhrif á fuglalíf?	Stefna í aðalskipulagi Vistgerðarkortlagning NÍ
Ásýnd og landslag	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðisins? Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag?	Landsskipulagsstefna 2015-2026
Samfélag	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Er hætta á mengun af völdum stefnunnar?	Stefna í aðalskipulagi

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Sveitarfélagsins Ölfuss <https://www.olfus.is/is>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulagsfulltrúa, fyrir auglýstan tímafrest.

5.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Heilbrigðiseftirlitið
- Aðliggjandi sveitarfélög (Hveragerðisbær / Árborg)
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

5.2 Samráð

Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið verða kynnt bæði íbúum/almenningi og öðrum hagsmunaaðilum.

6 SKIPULAGSFERLI

Meðferð skipulagslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

TAFLA 2 Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
mars 2021	Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður jafnframt kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
apríl./maí	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt deiliskipulagi tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
júní/ágúst	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt deiliskipulag samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun, sem veitir heimild til auglýsingar, innan 4 vikna. Tillaga auglýst og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
okt/nóv.	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt deiliskipulagi afgreitt í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til. Tillaga send Skipulagsstofnun til endanlegrar afgreiðslu.
des/jan 2022	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

